# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 24. júlí kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 783. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Brautarholt 4-4A,** *Íbúðarhúsnæði og þjónusta/verslun - BN052434* (12.412.03) Mál nr. BN057715 Skjalnr. 9198

   670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Höfgerði 2, 200 Kópavogur

   Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á baklóð, stækka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innrétta 18 íbúðir á 2. - 4. hæð atvinnuhúss nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt.
   Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017 og samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020. Stækkun: 74,9 ferm., 278,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
   *Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

2. **Eiðsgrandi,** *framkvæmdaleyfi* (01.5) Mál nr. SN200464 Skjalnr. 5357

   570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

   Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. júlí 2020, um framkvæmdaleyfi vegna Eiðsgranda. Framkvæmdin felst í gerð áframhaldandi hjólastígs og tengingar við núverandi hjólastíg á móts við Boðagranda og tengingu við núverandi göngustíg við hringtorg á mótum Eiðsgranda, Hringbrautar og Ánanausta. Einnig lagðar fram teikningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. í júní 2020 .
   *Framkvæmdaleyfi samþykkt skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.*
   *Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

3. **Flókagata,** *framkvæmdaleyfi* (01.2) Mál nr. SN200465

Skjalnr. 14313

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. júlí 2020, um framkvæmdaleyfi vegna Flókagötu. Framkvæmdin felst í að útbúa göngustíg meðfram Flókagötu milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar og að aðlaga stíg frá Klambratúni að nýjum stíg, færa biðstöð Strætó og leggja nýja lýsingu við stíginn. Einnig lagðar fram teikningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. í júní 2020. Jafnframt lagður fram aðalskipulagsuppdráttur og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.
*Framkvæmdaleyfi samþykkt skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.*
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

4. **Mosgerði 9,** *Viðbygging - innra skipulag og sameina eignir* (18.155.11) Mál nr. BN057763 Skjalnr. 14288

Víðir Sigrúnarson, Mosgerði 9, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu til vesturs, breyta þakformi, breyta og bæta við kvistum, setja svalir á austurhlið efri hæðar, breyta innra skipulagi, sameina eignir og breyta í einbýlishús, íbúðarhúsi á lóð nr. 9 við Mosgerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2020.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 14. ágúst 2001 og bréf aðalhönnuðar dags. 20. júlí 2020.
Stækkun: 21,8 ferm., 46.0 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Mosgerði 7, 8, 10 og 11 og Melgerði 12, 14 og 16.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

5. **Njálsgata 76,** *(fsp) setja svalir á húsið, rennihurð og aðgengi út í garð* (01.191.1) Mál nr. SN200432 Skjalnr. 14297

Berglind Guðmundsdóttir, Arnarhraun 27, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Berglindar Guðmundsdóttur dags. 1. júlí 2020 um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 76 við Njálsgötu með rennihurð í stað glugga og aðgengi út í garð, samkvæmt uppdr. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.
*Ekki er gerð athugasemd við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.*

6. **Norðurstígur 5,** *(fsp) bílastæði á lóð* (01.132.0) Mál nr. SN200359 Skjalnr. 9616

Halla Dögg Önnudóttir, Norðurstígur 5, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Höllu Daggar Önnudóttur dags. 7. júní 2020 um að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 5 við Norðurstíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 24. júlí 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.*

7. **Sævarhöfði - Svarthöfði,** *framkvæmdaleyfi* Mál nr. SN200466 Skjalnr. 9219

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. júlí 2020, um framkvæmdaleyfi vegna Sævarhöfða - Svarthöfða. Framkvæmdin felst í að útbúa göngustíg meðfram Sævarhöfða við Bryggjuhverfi og að Svarthöfða. Einnig tröppustíg á milli stígshluta, gönguþverun yfir frárein við Gullinbrú til móts við Naustabryggju, stígslýsingu og fullnaðarfrágang á lagnastæði yfir háspennulögn. Einnig lagðar fram teikningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. í júlí 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.

*Framkvæmdaleyfi samþykkt skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.*
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

8. **Pósthússtræti 2,** *Breyting á 1. hæð og kjallara* (01.140.109) Mál nr. BN057907 Skjalnr. 9948

691206-4750 LF2 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka mhl. 01 með því að loka rými 0102 að hluta, fjarlægja hringstiga, breyta fundarherbergjum í bar í fl. II, tegund A, með tilheyrandi breytingum á innra skipulagi, sett er skyggni á austurhlið, komið fyrir skiltum á norður og suðurhliðum og gerður rampi á gangstétt í borgarlandi við suðurhlið hússins á lóð nr. 2 við Pósthússtræti.
Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Holtsgata 19,** *(fsp) setja hurð út í sameiginlegan garð* (01.134.5) Mál nr. SN200389 Skjalnr. 14304

Brynjar Leifsson, Skaftahlíð 34, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Brynjars Leifssonar dags. 16. júní 2020 um minniháttar útlitsbreytingar á húsinu á lóð nr. 19 við Holtsgötu sem felst í að setja hurð út í sameiginlegan garð, samkvæmt uppdr. Elínar Þórisdóttur dags. 3. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 24. júlí 2020, samþykkt.*

10. **Fýlshólar 4,** *(fsp) neðanjarðar bakbyggingu* (04.641.5) Mál nr. SN200467 Skjalnr. 14311

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Andrés Kristinn Konráðsson, Fýlshólar 4, 111 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gunnlaugssonar, dags. 16. júlí 2020, um að byggja neðanjarðar bakbyggingu á lóð nr. 4 við Fýlshóla í átt að Vesturhólum, með hurð út á vesturgafli sem flóttaleið, samkvæmt uppdráttum Teiknistofunnar Stórhöfða 17, dags. 14. júlí 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Gljúfrasel 11,** *Viðbygging* (49.333.01) Mál nr. BN057883 Skjalnr. 9875

Gunnar Þór Gunnarsson, Gljúfrasel 11, 109 Reykjavík
Bryndís Björk Guðjónsdóttir, Gljúfrasel 11, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 3. hæðina úr timbri ofan á norðurhluta íbúðar 0201 í húsi á lóð nr. 11 við Gljúfrasel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júlí 2020.
Stækkun 3. hæðar er: 41,0 ferm., 93,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. júlí 2020, samþykkt.*

12. **Grenimelur 2,** *(fsp) breytingar á þaki, stækkun svala o.fl.* — Mál nr. SN200306, Skjalnr.

Ívar Örn Guðmundsson, Ægisíða 52, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Ívars Arnars Guðmundssonar dags. 15. maí 2020 um breytingar á þaki hússins á lóð nr. 2 við Grenimel, stækkun svala, breyting á opnun að svölum 1. hæðar, stækkun svala á 1. hæð og tenging að garði og opnun kjallaraíbúðar frá stofurými að garði, samkvæmt tillögu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020.
*Umsögn samþykkt með þeim skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020.*

13. **Grenimelur 8,** *Hækkun húss, svalir, tröppur o.fl.* (15.413.08) — Mál nr. BN057857, Skjalnr. 13288

Jón Gunnar Eysteinsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík
Stefán Sigurðsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og endurgera þakhæð, byggja kvisti, nýjar svalir á suðurhlið 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í húsi á lóð nr. 8 við Grenimel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020.
Stækkun: 105,5 ferm., 58,6 rúmm. Eftir stækkun: 447,2 ferm., 1.146,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Umsögn samþykkt með þeim skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020.*

14. **Grenimelur 10,** *(fsp) nýjar svalir og stækkun núv. svala* (01.541.3) — Mál nr. SN190649, Skjalnr. 14196

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 24. október 2019 ásamt greinargerð dags. 24. október 2019 um að stækka núverandi svalir hússins á lóðinni nr. 10 við Grenimel og byggja nýjar svalir á 1. hæð hússins. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.
*Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

15. **Lágholtsvegur 15,** *Fjarlægja þak og byggja eina hæð ofan á* (15.203.03) — Mál nr. BN057965, Skjalnr. 13193

Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík

Xavier Rodriguez Gallego, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja valmaþak núverandi húss og byggja eina hæð úr timbri ofan á með einföldu risþaki á húsi á lóð nr. 15 við Lágholtsveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og makaskiptaafsal dags. 28. júlí 1995. Stækkun: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Þorragata 1,** *Stækkun garðhúss* (16.357.09) Mál nr. BN057848
Skjalnr. 6210

460284-0589 Sælutröð,dagvistunarfélag, Þorragötu 1, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka garðstofu á vesturenda Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu.
Stækkun: 10,3 ferm., 32,5 rúmm.
Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hörpugötu 10, 12 og 14.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

17. **Súðarvogur 9-11,** *breyting á deiliskipulagi* (01.145.3) Mál nr. SN200470
Skjalnr. 11920

Bjarki Andrew Brynjarsson, Haukanes 23, 210 Garðabær
470610-0930 Súðarvogur 9 ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Súðarvogar 9 ehf. dags. , varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 vegna lóðarinnar nr. 9-11 við Súðarvog. Í breytingunni felst að heimila uppbyggingu íbúðarhúsnæðis ásamt bílageymslum á lóð 2-12-2, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Tröð dags. 17. júlí 2020.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

18. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200473
*breyting á framkvæmdaleyfi* Skjalnr. 9615

580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík

Sótt er um breytingu á framkvæmdaleyfi sem gefið var út þann 19. júní 2020. Breytingin felst í að hnika til lagnaleið KO1 jarðstrengs á tveimur stöðum á Hólmsheiði. Lagðar eru fram teikningar Jóns Bergmundssonar skv. tölvupósti dags. 21. júlí 2020 og í tölvupósti frá 6. febrúar 2020.
*Vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra.*

19. **Kjalarnes, Vallá,** *hænsnahús* Mál nr. SN130302
Skjalnr. 10157

540311-0560 Lögmenn Lækjargötu ehf., Lækjargötu 2, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Lögmanna Lækjargötu ehf. dags. 17. maí 2013 varðandi leyfi til byggingar hænsnahúss í landi Vallá á Kjalarnesi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða 1 við skipulagslög nr. 123/2010. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 19. júní 2013 var samþykkt að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunnar fyrir framkvæmdinni í samræmi við 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Erindi er lagt fram að nýju ásamt bréfi Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí 2013.
*Vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.*

20. **Óðinsgata 5,** *Áður gerðar breytingar* (01.181.001) Mál nr. BN057196
Skjalnr. 6447

490216-2270 5S ehf., Hesthömrum 9, 112 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á bílgeymslu, mhl.03, og íbúðar- og verslunarhúsi, mhl.02 og mhl. 03, á lóð nr. 5 við Óðinsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 24. febrúar 2020. Gjald kr. 11.200.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2020 samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir Margrét Þorvaldsdóttir